

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á aukna fjölbreytni í lestrarefni, t.d. bókmenntaverk, ljóð og tímaritsgreinar. Áhersla á aukna færni í bókmenntafræðilegri greiningu. Sérstök áhersla á skipulega framsetningu hugmynda í rituðu og töluðu máli. Aukin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga. Sérstök áhersla er á munnlega tjáningu, sjálfstætt og í hópavinnu.

Markmið

Að nemandi

- auki almennan orðaforða sinn og þekkingu á orðaforða og hugtökum bókmenntafræði
- geti lesið og skilið fjölbreytilegt lesefni
- auki færni sína við túlkun bókmenntaverka
- geti tjáð sig á skipulegan, rökrænan og samfelldan hátt í rituðu og töluðu máli
- auki færni sína í að tala fyrir framan hóp, um almenn og sértæk málefni, til sannfæringar jafnt sem upplýsingar
- öðlist dýpri skilning á uppbyggingu málsins
- kunni helstu formlegar málfræði- og setningafræðireglur enskrar tungu og kunna að beita þeim á viðeigandi hátt

Námsefni og kennsluhættir

Total English Advanced eftir JJ Wilson and Antonia Clare.

To Kill a Mockingbird eftir Harper Lee.

Aukaefni frá kennara

- Leskaflar - Textar í *Total English* eru lesnir vandlega til orðskýringa.
- Skáldsaga – *To Kill a Mockingbird* verður lesin vandlega. Áhersla lögð á túlkun, umræður og ritun.
- Málnotkun - Málfræði- og málfarsæfingar í *Total English* eru notaðar til skilnings á uppbyggingu enskrar tungu, á því sem er líkt og ólíkt með henni og íslensku. Stúlar með almennum orðaforða ásamt orðaforða kaflanna í *Total English* eru notaðir í sama tilgangi.
- Ljóð og framsögn – Nemendur munu lesa ljóð valinna ljóðskálda og einnig flytja fyrirlestra.

Kennsluáætlun

Kennsluviku verður skipt þannig:

- Tveir til þrjú tímar fara í leskafla aðalnámsbókar og verkefni sem þeim fylgja.
- Einn tími verður notaður í ljóðaumræður og yfirferð
- Einn til tveir tímar fara í bókmenntir; *To Kill a Mockingbird*, efni frá kennara og verkefni sem þeim tengjast.
- Einn tími fer í ritun.

Námsmat

1. Vinnueinkunn gildir 25% einkunnar. Hér eru meðtaldar yfirlitskannanir, framsagnarverkefni, þátttaka í umræðum, gæði verkefnavinnu (munnlegrar og skriflegrar) og almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum. Góð ástundun (mæting) er forsenda góðrar einkunnar.
2. Munnlegt próf úr *To Kill a Mockingbird* í síðustu viku október. Gildir 15%.
3. Ljóðakynning gildir 10%
4. Skriflegt lokapróf gildir 50% einkunnar.

- Öllum verkefnum sem gilda til einkunnar skal skila á tilsettum tíma. Sé þeim skilað of seint lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag.
- Ef nemandi er veikur í þeim verkefnum sem gilda til einkunnar, tekur hann verkefnið í næsta enskutíma. Skrópi nemandi í könnun/prófi fær hann einkunnina 0.
- Til þess að próf í áfanganum teljist gilt þarf nemandinn að hafa lokið munnlegu prófi og fyrirlestri.
- Nemendur þurfa að ná 45 punktum af 100 á lokaprófinu til að standast áfangann.

Nánar um reglur enskudeildar má lesa á Moodle

Réttur til breytinga áskilinn
Hrefna